

## Úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum á Snæfellsnesi

Óbyggðanefnd kvað 15. ágúst 2019 upp úrskurði í þjóðlendumálum á svonefndu svæði 9B sem tekur til Snæfellsness ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandahreppi. Niðurstöður nefndarinnar eru sem hér segir:

*Mál nr. 1/2018, Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans.*

- Fallist er á kröfu íslenska ríkisins um að Snæfellsjökull sé þjóðlenda.
- Fallist er á kröfu ríkisins um að landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls sé þjóðlenda. Þjóðlendumörk fylgja að mestu kröfulínu ríkisins. Þó er fallist á að eignarland jarðanna Miðvalla, Hellna og Hamraenda nái lengra til norðurs en ríkið byggði á. Þessi þjóðlenda er jafnframt afréttur jarða í fyrrum Breiðuvíkurreppi, nú í sveitarfélaginu Snæfellsbæ.

*Mál nr. 2/2018, Landsvæði milli Hraunhafnardals, Mælifells og Bjarnarfossdals.*

- Hafnað er kröfu íslenska ríkisins um að svæðið sé þjóðlenda.

*Mál nr. 3/2018, Eyrarbotn.*

- Fallist er á kröfu íslenska ríkisins um að Eyrarbotn sé þjóðlenda vestur að línu sem dregin er um Fellstá við Kolgrafarfjörð og um háeggjar Gunnungsfells. Sama svæði er í afréttareign eigenda jarðanna Nausts, Nýjubúðar, Skallabúða, Akurtraða og Berserkseyrar.
- Hafnað er kröfu ríkisins um að svæði vestan áður nefndrar línu og vestur að Hrafná sé þjóðlenda.

*Mál nr. 4/2018, Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla.*

- Hafnað er kröfu íslenska ríkisins um að svæðið sé þjóðlenda.

Úrskurðina í heild ásamt kortum er að finna [á vefsíðu nefndarinnar, undir Úrskurðir og dómar](#). Óbyggðanefnd skipa þrjú nefndarmenn í hverju máli.

Í málum 1–4/2018 voru lögð fram alls 1.172 skjöl, að meðtöldum hliðsjónargögnum. Við meðferð málanna var lagt mat á öll fram komin gögn, ágreiningssvæði skoðuð í vettvangsferðum, málin flutt munnlega og skýrslur teknar af aðilum og vitnum.

### Málskot til dómstóla

Sá málsaðili sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í, sbr. 1. mgr. 19. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

Fyrir Héraðsdómi Vesturlands eru nú til meðferðar nokkur mál sem höfðuð voru vegna úrskurða óbyggðanefndar á svæðum 8B, sem kveðnir voru upp 11. október 2016, og svæði 9A, sem kveðnir voru upp 3. maí 2018. Einnig hefur héraðsdómur í þremur málum á svæði 8A og einu máli á svæði 8B verið áfrýjað til Landsréttar.

### Hlutverk óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd var komið á fót árið 1998 í þeim tilgangi að rannsakað yrði hvaða svæði á landinu væru utan eignarlanda og þau yrðu úrskurðuð þjóðlendur. Hlutverk nefndarinnar er þrjúþætt samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendlögum), nr. 58/1998, en samkvæmt lögunum skiptist allt land í annars vegar eignarlönd og hins vegar þjóðlendur:

- a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

### Staða þjóðlendumála

Óbyggðanefnd skipti landinu upphaflega í 11 svæði en síðar var nokkrum þeirra skipt í smærri einingar þannig að svæðin urðu 16. Auk þess verður fjallað sérstaklega um eyjar og sker umhverfis landið sem verða sautjanda svæðið. Á vefsíðu óbyggðanefndar má sjá [yfirlitskort um afmörkun svæðanna](#) og annað [yfirlitskort um þjóðlendur á landinu](#).

Svæði 9B er tólfta svæðið af sautján sem óbyggðanefnd úrskurðar um. Með uppkvaðningu úrskurða þar hefur nefndin lokið umfjöllun um rúmlega 88% af flatarmáli landsins alls (svæði 1–9B). Niðurstaðan er að 43,5% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á teljast til þjóðlendna en 56,5% eru eignarlönd, að teknu tilliti til dóma Hæstaréttar. Af þeim hluta miðhálandisins sem nefndin hefur lokið meðferð á eru tæplega 86% þjóðlendur en rúmlega 14% eignarlönd. Heildarfjöldi skjala sem lögð hafa verið fram og rannsökuð við meðferð óbyggðanefndar á svæðum 1–9B er 25.176, að meðtöldum framlögðum hliðsjónargögnum.

### Framhald þjóðlendumála

Málsmeðferð er hafin á tveimur svæðum: svæði 10A, þ.e. Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi, og svæði 10C, þ.e. Barðastrandarsýslur. Ekki er hafin málsmeðferð í Ísafjarðarsýslum og á Austfjörðum, auk þess sem umfjöllun um eyjar og sker umhverfis landið er eftir. Upplýsingar um mál sem eru til meðferðar hjá nefndinni má finna á vefsíðu nefndarinnar, á [undirsíðunni Til meðferðar](#).

Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á svæði 10A, Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi, barst óbyggðanefnd 5. október 2018 og tekur til þess hluta Drangajökuls sem er innan marka Strandasýslu. Á móti hafa borist kröfulýsingar og athugasemdir vegna fimm jarða á Ströndum.

Nefndin hefur einnig til meðferðar kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 10C, þ.e. í Barðastrandarsýslum. Þær kröfur bárust óbyggðanefnd 15. apríl 2019 og ná til fimm svæða sem eru í kröfulýsingunni nefnd Hvannahlíð, Skálmardalsheiði, Auðshaugsland, Vatnsfjörður og Bæjar-

bjarg. Frestur annarra til að lýsa kröfum um eignarréttindi á umræddum hlutum svæðis 10C hefur verið framlengdur til 10. október 2019.

### Málsmeðferð

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd grundvallast á lögum nr. 58/1998. Hún hefst á því að nefndin tekur viðkomandi svæði til meðferðar og veitir fjármála- og efnahagsráðherra frest til að lýsa kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæðinu. Kröfur ríkisins um þjóðlendur á svæði 9B bárust óbyggðanefnd 8. febrúar 2018 og tóku til 5 aðgreindra svæða. Kröfurnar hlutu í kjölfarið lögboðna kynningu, þar sem skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á þeim svæðum sem ríkið gerði kröfur til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan tiltekins frests. Kröfulýsingar annarra en íslenska ríkisins voru 22 talsins og bárust flestar í júní 2018. Hlutu heildarkröfur á svæðinu í framhaldinu lögboðna kynningu. Ákveðið var að fjalla um fram komnar kröfur í fjórum málum.

Óbyggðanefnd ber skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir landsvæðum sem eru til meðferðar og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Því fer fram á vegum nefndarinnar viðamikil og kerfisbundin leit að gögnum um þau ágreiningssvæði sem eru til meðferðar hverju sinni. Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni Íslands annast þá leit að verulegu leyti, í samstarfi við nefndina. Auk þess leggja málsaðilar fram heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

### Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu óbyggðanefndar:

- [postur@obyggdanefnd.is](mailto:postur@obyggdanefnd.is)
- sími: 563 7000